

Landnýting

tækifæri í breyttri landnotkun

Landnotkun og loftslagsmálin

Sveitarfélögin gegna lykilhlutverki fyrir aðgerðir tengdar loftslagsmálum



- Fjölbreytni landnotkunar er að aukast og að sama skapi eykst eftirspurn eftir landi til fjölbreyttra landnota.
- Tækifæri fólgin í græna hagkerfinu en loftslagsmálin ganga þvert á alla málaflokka.
- Sveitarfélögin verða að hafa yfirsýn yfir tækifærin sem felast í fjölbreyttri landnotkun

-> **marka sér stefnu**

Landsáætlun í skógrækt

Framtíðarsýn:

- „Aukin útbreiðsla og vöxtur skóga verður meðal lykilatriða í að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040. Í framhaldinu verða skógar snar þáttur í að Ísland bindi meira kolefni en það losar. Þetta þarf að gerast á þann hátt að það styðji áframhaldandi uppbyggingu og þróun annarra gæða skóga, svo sem skógartengda atvinnuþróun, hina ýmsu umhverfisþjónustu skóga og samfélagsleg hlutverk þeirra, og án þess að ganga á önnur umhverfisleg, samfélagsleg og hagræn gæði. Sjálfbærni er og verður leiðarljós skógræktar.“





Skógar gegna mörgum og fjölbreyttum hlutverkum, en eitt þeirra hefur nýverið orðið svo afgerandi að það hlýtur að mestu að ráða för um stefnu og aðgerðir í skógræktarmálum á komandi árum og áratugum.

Það er hlutverk skóga í að stemma stigu við hraðfara loftslags-breytingum.

Það atriði er því í forgangi í þessari áætlun, um leið og lögð er áhersla á vernd og endurheimt náttúruskóga, nytjaskógrækt, umhverfisatriði tengd skógrækt og samfélagsþætti skógræktar.

Landshlutaáætlanir í skógrækt

- Skógræktin skal í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila vinna áætlun fyrir hvern landshluta á grunni landsáætlunar.
- Landshlutaáætlanirnar eiga að tilgreina skóga, skógræktarsvæði auk annarra svæða sem leggja skal áherslu á í skógrækt og landgræðslu.
- Í þessu skipulagsferli er brýnt að hafa hagsmunaaðila vel upplýsta og efla samstarf eins og auðið er. Það er á þessu skipulagsstigi sem endanlegar ákvarðanir um skógrækt á einstökum svæðum eru teknar.



Ábyrg kolefnisjöfnun og framleiðsla kolefniseininga með skógrækt

– VALKVÆÐI MARKAÐURINN



Kolefnisinneign — Kolefnisjöfnun

Kolefnisinneign - Carbon Credits

- Þú átt vínflösku
- Hefur val um að geyma hana, drekka eða selja



Kolefnisjöfnun - Carbon offsets

- Þú drekkur vínið (jafnar kolefnisinneign á móti losun)
- Getur ekki drukkið sama vín aftur eða selt það öðrum



Öflugar spár og áætlanir


Skógarkolefnisreiknir

Spáir fyrir um kolefnisbindingu

Gögn samþykkt af UNFCCC og UN FAO



<https://reiknival.skogur.is>



skógræktin
2021

IceForest


Spáir fyrir um efnahagslega lotu

Þróað í samstarfi við

University of Eastern Finland



Timber production pr ha



Year Treatment	Cost	Income	Net
0.0 Site preparation	38000	0	-38000
0.0 Planting	140460	0	-140460
0.0 Fertilizing	17440	0	-17440
15.0 PreComThin	0	0	0
16.4 Thinning	121128	26627	-94501
44.1 Clear cut	772652	4513676	3741024

Plof file: .\Data\LT_HJA_2000.txt

Discount rate 3.0 %
Rotation length 44.1 years
Wood production 4.7 m3/ha per year
Annual net income 78173 IKr/ha
Soil exp. value 1043705 IKr/ha

Mikilvægi vottunar

Vottuð kolefnisbinding

- Kolefnisjöfnun möguleg
- Óháð vottun tryggir traust
- Óháð vottun tryggir gæði
- Meiri gæði - meiri eftirspurn
- Einingar skráðar í Loftslagsskrá
- Styður fullyrðingar um kolefnishlutleysi

Óvottuð kolefnisbinding

- Nýtist ekki til kolefnisjöfnunar í loftslagsbókhalði fyrirtækisins
- Ekki hægt að sýna fram á með óyggjandi hætti að kolefnisbindingin sé raunveruleg
- Allar fullyrðingar um kolefnishlutleysi eru því óstaðfestar
- Fjárfesting fyrirtækisins er mögulega „fölsk eigin“
- Rangar fullyrðingar um kolefnishlutleysi gætu valdið álitshnekki og fjárhagslegu tjóni

Bestu þakkir!

